

AUGLÝSING

um staðfestingu gjaldskrár Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttingar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Hér með tilkynnist að heilbrigðisráðherra hefur staðfest meðfylgjandi gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttingar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar, skv. reglugerð nr. 1058/2009 sbr. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008.

Heilbrigðisráðuneytinu, 21. desember 2009.

Álfheiður Ingadóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal.

Gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands fyrir tannréttingar sem ekki hefur verið samið um skv. IV. kafla laga nr. 112/2008.

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannréttinga, að hluta eða öllu leyti, í þeim tilvikum sem talin eru upp í 2. – 3. gr., enda hafi ekki verið samið um þær skv. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tannréttinga í samræmi við 4. gr. Endurgreiðslur reiknast út frá einingarverði sérfræðings í tannréttingum, en þó aldrei hærra einingarverði en 693 kr.

2. gr.

Endurgreiðslur Sjúkratrygginga Íslands taka til eftirtalinnna tilvika og takmarkast við tilgreindan einingafjölda, sbr. gjaldnúmer 800 – 808 í 4. gr.:

- Vegna skarðs í efri tannboga eða harða gómi sem valdið hefur alvarlegri tannsekkju:** Heimilt er að greiða allt að 200 einingum alls vegna meðferðar hjá sérfræðingi í tannréttingum sem miðar að því að víkka efri góm fyrir beinigræðslu. Einnig er heimilt að greiða allt að 800 einingum alls, í mest 3 ár eftir að meðferð hefst, vegna kostnaðar við réttingu tanna með föstum tækjum enda hefjist meðferð í lok tannskipta.
- Vegna meðfæddrar vöntunar fjögurra eða fleiri fullorðinstanna, framan við endajaxla, sem ekki verður bætt án tannréttingar:** Heimilt er að greiða allt að 800 einingum alls, í mest 3 ár eftir að meðferð hefst, vegna kostnaðar við réttingu tanna með föstum tækjum enda hefjist meðferð í lok tannskipta.
- Vegna annarra sambærilega alvarlegra tilvika, svo sem alvarlegs misræmis í vexti beina í höfuðkúpu og kjálka (Craniofacial Syndromes/Deformities) sem ekki verður leyst án kjálkafærsluaðgerðar:** Heimilt er að greiða allt að 800 einingum alls, í mest 3 ár eftir að meðferð hefst, vegna meðferðar hvers einstaklings með föstum tækjum. Greiðsla umfram 216 einingar er þó óheimil nema fyrir liggi staðfesting á því að kjálkafærsluaðgerð sé lokið.

3. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað við tannréttingar barna og ungmenna vegna annarra tilvika en um getur í 2. gr. samkvæmt eftirfarandi, enda hafi meðferð með föstum tækjum hafist fyrir 18 ára aldur viðkomandi, sbr. gjaldnúmer 809 og 810 í 4. gr.:

Endurgreiðsla vegna tannréttinga skv. þessari grein skal vera í tvennu eða þrennu lagi að lokinni ísetningu fastra tækja. Með upphafi meðferðar í grein þessari er átt við þann dag þegar föst tæki eru sett í góm. Með orðunum föst tæki er átt við réttigaboga sem festur er á tyllur eða bönd sem sett hafa verið á a.m.k. 10 fullorðinstennur annars góms.

Meðferð telst lokið þegar föst tæki hafa verið fjarlægð af tönnum og viðeigandi stoðtæki sett upp, samkvæmt staðfestingu sérfræðings í tannréttingum.

Sjúkratryggingar endurgreiða allt að 144 einingum samkvæmt staflíðum a. og b. þessarar greinar vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í annan góminn en allt að 216 einingum samkvæmt staflíðum a. og c. vegna tannréttingar sem krefst meðferðar með föstum tækjum í báða góma. Skilyrði er að framvísað sé reikningum sérfræðings í tannréttingum vegna viðkomandi meðferðar sem eru jafnháir eða hærri en samsvarar neðangreindum einingafjölda fyrir tannréttingar:

- a. Að hámarki 72 einingar þegar meðferð er hafin.
- b. Að hámarki 72 einingar að meðferð lokinni.
- c. Að hámarki 144 einingar að meðferð lokinni. Taki meðferð lengri tíma en 12 mánuði er þó heimilt að skipta greiðslunni í tvennt og greiða 72 einingar að 12 mánum liðnum og 72 einingar að meðferð lokinni.

4. gr.

Á reikningi (greiðslukvittun) skulu koma fram eftirtalin gjaldnúmer og heiti verks:

Gjaldnúmer	Heiti verks	Einingar
800	Víkkun efri góms fyrir beinígræðslu vegna gómskarðs.	200
801	Tannrétting, annar tannboginn. Virk meðferð í 12 mánuði eða minna.	332
802	Tannrétting, annar tannboginn. Virk meðferð í 12 - 18 mánuði.	435
803	Tannrétting, annar tannboginn. Virk meðferð í 18 - 24 mánuði.	505
804	Tannrétting, annar tannboginn. Virk meðferð í meira en 24 mánuði.	637
805	Tannrétting, báðir tannbogarnir. Virk meðferð í 12 mánuði eða minna.	443
806	Tannrétting, báðir tannbogarnir. Virk meðferð í 12 - 18 mánuði.	562
807	Tannrétting, báðir tannbogarnir. Virk meðferð í 18 - 24 mánuði.	645
808	Tannrétting, báðir tannbogarnir. Virk meðferð í meira en 24 mánuði.	800
809	Tannrétting sem fellur undir 3. gr. Föst tæki í annan tannbogann.	144
810	Tannrétting sem fellur undir 3. gr. Föst tæki í báða tannbogana.	216

Gjaldnúmer	Skýringar á greiðslutilhögun.	Einingar
800	Greiðist í einu lagi að meðferð lokinni.	200
801	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	166
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	166
802	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	166
	Tólf mánuðum síðar.	103
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	166
803	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	166
	Tólf mánuðum síðar.	103
	Sex mánuðum síðar.	70
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	166
804	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	166
	Tólf mánuðum síðar.	103
	Sex mánuðum síðar.	95
	Sex mánuðum síðar.	107
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	166
805	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	222
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	221
806	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	222
	Tólf mánuðum síðar.	119
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	221
807	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	222
	Tólf mánuðum síðar.	119
	Sex mánuðum síðar.	83
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	221
808	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	222
	Tólf mánuðum síðar.	119
	Sex mánuðum síðar.	119
	Sex mánuðum síðar.	119
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	221
809	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	72
	Tólf mánuðum síðar.	72
810	Að lokinni uppsetningu fastra tækja.	72
	Tólf mánuðum síðar.	72
	Að loknu brottnámi fastra tækja.	72

5. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga um sjúkratryggingar nr. 112/2008. Hún öðlast gildi með sérstakri reglugerð ráðherra sbr. 2. mgr. 38. gr. s.l. og er gildistími í samræmi við ákvæði hennar.

Sjúkratryggingum Íslands, 21. desember 2009.

Steingrímur Ari Arason.

Kristján Guðjónsson.

—————
B-deild – Útgáfud.: 29. desember 2009